

Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar.

Frá Sigurði Erni Ágústssyni.

1. Hvenær er von á skýrslu starfshóps um samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar?
2. Hefur farið fram vinna innan ráðuneytisins um sérstaka markaðssetningu svæðisins sem iðnaðarkosts? Ef svo er, þá hvaða vinna?
3. Er gert ráð fyrir að allt að 50 MW orka úr Blönduvirkjun verði nýtt til iðnaðaruppbyggingar nyrðra?

Skriflegt svar óskast.